

(29) Fundur Hverfisnefndar Brekku og Innbæjar 9. september 2008.
Fundartími 20:30 til 22:30 í Brekkuskóla.

Mættir á fundinn voru: Bergljót Þrastardóttir, Anna Kristveig Arnardóttir, Viktoria Gestsdóttir, Jón Hjaltason, Sigurður Jónsson, Harpa Hjarðar og Lambi -Jón Einar Haraldsson

Eftirfarandi atriði voru tekin fyrir á fundinum

Bréf frá Dagnýju Harðardóttur þar sem beðið var um verkefnalista frá nefndinni sem átti að skila fyrir 15 september. Eftirfarandi verkefnalisti var settur saman.

1. Gangbrautarljós við gatnamót Hamarstígs og Þórunnarstrætis.
2. Lagfæring á Eyrarlandsveginum upp að sjúkrahúsi – gangstéttum beggja vegna götunnar og götunni sjálfri. Gangstéttarnar orðnar hættulegar.
3. Lagfæring á umhverfinu kringum Andarpollinn.
4. Lagfæring á strandlengjunni meðfram Drottningarbraut frá Torfunefsbyggju að flugvelli, vantar stíg, ljót og óaðalaðandi tenging milli Drottningabrautar og fjöru, ef hægt er að tala um tengingu.
5. Þarf að setja upp biðskyldumerki þar sem Hafnarstræti og Suðurbrú mætast sunnan við Leikhúsið.
6. Setja svifriksmæli við Þórunnarstræti og Þingvallastræti
7. Lagfæra skilti sem merkja Hamarstíginn. Á að vera s eða ss? Lágmark að hafa skiltin eins.
8. Merkja opinberar byggingar betur að utan, einnig á ensku s.s. Sýslumann, Tryggingarstofnun ofl.
9. Ganga betur eftir því að götunúmer séu á húsum.
10. Setja upp fleiri skilti við Drottningarbraut sem vara við umferð fugla með unga um götuna. Mikill fjöldi unga hefur dáið í “bílslysum” í sumar.
11. Fjarlægja lerkiskóginn sem var plantað í melana fyrir neðan kirkjugarðinn. Nú eru melarnir að hverfa undir skóg og munu ekki sjást né vera kennimark gamla innbæjarins lengur.
12. Bæta aðgengi og öryggi nemenda sem ganga í Brekkuskóla.
13. Liðka fyrir bílaumferð t.d. betur stillt umferðarljós, fleiri aðreinar og annað það sem kemur í veg fyrir tafir/ teppu í umferð á traffíktímum, hámarks-hraðaskyldi.
14. Hætta að spara í umferðarljósum og setja rautt, gult og grænt allstaðar og nota örvar fyrir vinsstri beygju oftar s.s. gatnamót Glerárgötu – Tryggvabraut, Glerárgata - Þórunnarstræti og Glerárgata – Strandgata,
15. Sandbera betur eða setja handrið á stíg sem tengir Byggðarveg - Ásvegur og Þórunnarstræti. Stígurinn er stórhættulegur í hálfu á veturnar.
16. Huga betur að gangandi vegfarendum í hálfu á veturnar og sandbera betur í bröttum götum og stígum eins og t.d. í Spítalavegi, Hamarstígnum og fleirum.
17. Laga strætóferðir þannig að þær passi betur við æfingartíma í Boganum-Skautahöllinni og KA-heimilinu.

18. Fá svar við því hvers vegna stöðvunarmerki sé við gatnamót Drottningabrautar hjá Höpnersbryggju en biðskylda við gatnamót Drottningabrautar hjá Suðurbrú og Austurbrú.
19. Draga úr umferð í bænum – það þarf hugarfarsbreytingu. Ekki leggja af stað 5 mín eftir að þú átt að vera mættur.
20. Viljum gjarnan fá skipulagstillögu frá bænum-skipulagsdeild vegna Tjaldsvæðisins við Þórunnarstræti.

Hvers vegna er Akureyrarvöllur ekki notaður meira?

Það þarf að skipuleggja þetta svæði sem fjölíþróttasvæði fyrir hlaupara, brettafólk, fjölskyldur, ekki keppnissvæði heldur stað sem hægt er að koma saman á fleiri stundum en á 17 júní og um verslunarmannahelgar, þetta er sameiningartákn bæjarbúa grænt svæði og á að vera metið að sömu verðleikum og t.d.Kjarnaskógur.

Það þarf að passa betur upp á grænu svæðin í miðbænum. Það er mikill grundvöllur fyrir notalegheitum í miðbænum og öflugum mannlífi. Um leið og sólin skín sest fólk í grasbrekkuna fyrir neðan skátagilið, sama gerðist þegar torgið okkar var tyrft með frábærum árangri. Þá sat fólk þar og naut lífsins.

Hver er stefna bæjarins varðandi græn svæði?
Hvaða svæði eru minna heilög en önnur?

Hver er stefna bæjarins í málefnum Náttúrugripasafnsins? Mun það vera í kössum á Dalvík lengi enn?

Nefndarmenn er mjög ánægðir með eftirfarandi:

Bæjarstarfsmenn eru búnir að laga lýsingu á Hamarskotstúni og skipta nú út ónýtum perum eftir þörfum.

Nýja brúin yfir skátagilið er mjög falleg og fær stóru stjórnuna.

Nefndin mun leggja ríka áherslu á að:

Vinna að framtíðarheill bæjarins með sérstakri áherslu á Brekku og Innbæ, íþróttavöllinn og önnur græn svæði til þess að skilja líka eitthvað grænt eftir handa fólki framtíðarinnar svo bærinn okkar standi undir **“Öll lífsins gæði”**.

Ályktun

Nefndin er sjálfboðavinna og ætlast til þess að lesið sé yfir það sem hún sendir frá sér og því komið áleiðis. Einnig vill hún fá svör við þeim erindum / fyrirspurnum sem hún kastar fram.